



ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS
Alþingi
Erindi nr. Þ 128/563
komudagur 6.12.2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 6.12.2002

Alþýðusambandi Íslands hafa borist til umsagnar breytingartillögur við frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

Umræddar tillögur virðast fyrst og fremst snúa að því að hækka gjöld fyrir aðgangsheimildir að herstöðinni Keflavíkurflugvelli vegna breytinga á fyrirkomulagi við útgáfu aðgangsskírteina.

Ekki verður annað ráðið af tillögunum en að:

- um sé að ræða raunkostnað við útgáfu skírteina, þ.e. ekki sé um tekjuöflun fyrir ríkissjóð að ræða
- hvorki almenningur né starfsmenn þeirra fyrirtækja sem á þessum svæðum starfa þurfi að bera þennan viðbótarkostnað.

Því gerir Alþýðusamband Íslands ekki athugasemdir við frumvarpið.

f.h. Alþýðusambands Íslands



Ólafur Darri Andrason,
deildarstjóri hagdeildar

Alþingi

Erindi nr. P 128/445

komudagur 3.12.2002



Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingi
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 3. desember 2002

Efni: Frumvarp til laga um aukatekjur ríkissjóðs, 322. mál

Tilv: 2002110031

Vísað er í bréf efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis dags. 21. nóvember sl. þar sem leitað er umsagnar um ofangreint frumvarp.

Bændasamtök Íslands gera enga athugasemd við frumvarpið, en vísa til umsagnar, sem Æðarræktarfélag Íslands hefur sent nefndinni og varðar 4. grein frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

Sigurgeir Þorgeirsson



Félag löggiltra endurskoðenda

Alþingi
Erindi nr. P 128/392
komudagur 3. 12. 2002

Suðurlandsbraut 6 • 108 Reykjavík • Ísland • ☎ 568 8118 • Fax 568 8139

Reykjavík 2. desember 2002
Tilv. FLE 19-2002

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
c/o Hildur Njarðvík nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Málefni: Frumvarp til laga um aukatekjur ríkissjóðs, 322. mál, ýmsar gjaldtökuheimildir

Með bréfi dags. 21. nóvember sl. óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis Íslands eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE. Á fundi sínum í dag tók álitsnefndin málið til umfjöllunar og fylgir greinargerð nefndarinnar með bréfi þessu.

Stjórn FLE samþykkir fyrir sitt leyti meðfylgjandi greinargerð.

Virðingarfyllt,
Félag löggiltra endurskoðenda


Guðmundur Snorrason
formaður

Álitsnefnd Félags löggiltra endurskoðenda

Reykjavík, 2. desember 2002

Stjórn Félags löggiltra endurskoðenda
Guðmundur Snorrason, formaður
Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík


Málefni: Frumvarp til laga um aukatekjur ríkissjóðs, 322. mál, ýmsar gjaldtökuheimildir

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE. Álitsnefnd tók málið fyrir á fundi sínum í dag.

Álitsnefnd FLE gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt

ÁLITSNEFND FÉLAGS LÖGGILTRA ENDURSKOÐENDA



Handwritten signatures of the members of the FLE committee, including Guðmundur Snorrason, Guðmundur Guðjónsson, Guðmundur Guðjónsson, Guðmundur Guðjónsson, and Guðmundur Guðjónsson.

Alþingi
Erindi nr. P 128/389
komudagur 2.12.2002

Réttarfarsnefnd


Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2002.

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar 21. nóvember 2002, þar sem réttarfarsnefnd er sent til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991.

Réttarfarsnefnd gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt,
fyrir hönd réttarfarsnefndar



Benedikt Bogason

Alþingi
Erindi nr. P 128/556
komudagur 6.12.2002



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
v/Austurvöll
REYKJAVÍK

Rauðarárstígur 25, 150 Reykjavík
Sími: 545 9900, bréfasími: 562 2373
postur@utn.stjr.is · www.utn.stjr.is

Reykjavík 5. desember 2002

Tilvísun: UTN02110073/76.B.001.a; 76.A.005.b

JBB/--

Utanríkisráðuneytið fer þess hér með vinsamlega á leit við efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis að nefndin taki til skoðunar eftirfarandi breytingartillögu við lög um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með síðari breytingum. Breytingin varðar gjaldtöku fyrir aðgangsheimildir að varnarsvæðum Keflavíkurflugvallar, sbr. núgildandi 4. tl. 14. gr. laganna. Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að aðgangsheimild að varnarsvæðum Keflavíkurflugvallar kosti 2.000 fyrir fastráðna starfsmenn en 1.000 fyrir tímabundið skírteini, en farið er fram á lögum verði breytt á þann veg að gjaldtaka fyrir aðgangsheimildir verði annars vegar 3.500 kr. og 2.000 kr. með gildistöku 1. janúar 2003.

Farið er fram á ofangreinda breytingu þar sem fyrirhugað er að breyta fyrirkomulagi aðgangsskírteina að varnarstöðinni Keflavíkurflugvelli í kjölfar setningu reglugerðar um umferð og dvöl manna á varnarsvæðum, nr. 293/2002. Breytingartillagan sem ráðuneytið biður nefndina að taka til skoðunar og gera tillögu um er eftirfarandi:

4. tl. 14. gr. orðist svo:

"4. Aðgangsheimildir að varnarstöðinni Keflavíkurflugvelli:

a. Að Flugstöð Leifs Eiríkssonar ásamt þjónustusvæði (svæði 1) og bannsvæði (svæði 3), sbr. 6. gr. reglugerðar um umferð og dvöl manna á varnarsvæðum, nr. 293/2002, 3.500 kr.

b. Að flotastöð varnarliðsins (svæði 2), sbr. 6. gr. reglugerðar um umferð og dvöl manna á varnarsvæðum, nr. 293/2002, 2.000 kr.

Rökstuðningur:

Vegna gildistöku reglugerðar um umferð og dvöl manna á varnarsvæðum, nr. 293/2002, sem öðlaðist gildi hinn 5. apríl 2002, mun útgáfa aðgangsskírteina að öryggissvæðum Keflavíkurflugvallar breytast nokkuð frá því sem verið hefur. Ætlunin er að sameina aðgangsskírteini og spjaldlykilkort vegna svæða 1 og 3, sbr. skilgreiningu í 6. gr. reglugerðarinnar, en með því er verið að bæta öryggi en um leið að greiða fyrir aðgangi ákveðinna starfsmanna að sumum svæðum. Þetta hefur í för með sér talsverðan aukakostnað þar sem kaupa þarf sérstakan búnað til að hægt verði að sameina þessa þætti í eitt kort. Hins vegar er ekki ætlunin að gera það varðandi aðgang að svæði 2, sbr. skilgreiningu í reglugerðinni, þar sem aðgangsskírteinin að varnarstöðinni verða eingöngu aðgangsskírteini og búnaður vegna þeirra verður kostaður af flotastöðinni. Samkvæmt tilboðum í nauðsynlegan búnað og upplýsingum sýslumanns þarf skírteini að flugstöðvarsvæði að vera verðlagt á kr. 3.500,-, en skírteini að varnarsvæði að vera verðlagt á kr. 2.000,- Ætlunin er að skírteinin gildi í annars vegar 6 mánuði og hins vegar 2 ár, en þar sem sami kostnaðurinn verður til við útgáfu skírteinanna, er gert ráð fyrir sama gjaldi fyrir útgáfu þeirra óháð gildistíma.

Hjálagt fylgir tillaga að breytingartillögu og rökstuðningur, og enn fremur reglugerð um umferð og dvöl manna á varnarsvæðum. Beðist er velvirðingar á því með hve stuttum fyrirvara erindi þetta berst nefndinni.

F.h.r.

Ónanna Þórdís Þórhreðsdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 128/523
komudagur 4.12.2003

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Hildar Njarðvík, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE
Stofnað 1917

SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS

Reykjavík, 4. desember 2002.

Efni: Frv. til l. um br. á l. nr. 88/1991 um aukatekjur ríkissjóðs.

Verzlunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp og gerir ekki athugasemdir við það.

Virðingarfyllst,
f.h. Verzlunarráðs Íslands,

Sigríður Ásthildur Andersen.

Póstáritun:
Verzlunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is
Website: www.chamber.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2002


Efni: Umsögn Æðarræktarfélags Íslands um frumvarp til laga um aukatekjur ríkissjóðs, 322 mál, ýmsar gjaldtökuheimildir.

Æðarræktarfélag Íslands hefur fjallað um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

Æðarræktarfélagið getur fallist á fyrirhugaða breytingu á 14. grein laganna enda verði tryggt að eingöngu verði tekið gjald fyrir fyrstu friðlýsingu æðarvarps á hverri jörð, en ekki þegar friðlýsing er endurtekin að tíu árum liðnum þegar upphafleg friðlýsing rennur úr gildi.

Virðingarfyllst,

f.h. ÆÍ


Jónas Helgason, formaður